

Álitsgerð að lokinni ráðstefnu um kjör kvenna til sjávar og sveita, haldin í Neskaupstað, 26. apríl 1975.

Um verkalyðsmál: **atetur**

1. Ráðstefnan ~~gagnýrir~~ þann drátt og það málþóf, sem einkennt hefur gerð nýafstaðinna kjarasamninga. Hún lýsir furðu sinni á að engin kona skuli hafa átt sæti í 9 manna nefndinni. Ráðstefnan telur varhugaverða þá stefnu sem tekin var í skattamálum í kjarasamningunum.

Það er staðreynd, að verkafólk lifir ekki af dagvinnulaunum sínum og eftirvinnan skiptir sköpum um lífsafkomuna. Lágmarkskrafa við ákvörðun launa hlýtur að vera að dagvinnan nægi til lífsframfærис. Hið mikla vinnuálag verkafólks veldur því, að það fær ekki notið menningar og fræðslu til jafns við aðra. Kemur petta harðast niður á konum, sem að auki þurfa að sinna sínum heimilum.

2. Ráðstefnan vill vara við því mikla vinnuá lagi, spennu og óæskilegu andrúmslofti sem bónuskerfi í frystihúsum skapar og stuðlar um leið að sundrung verkafólks og sliti langt um aldur fram.

3. Ráðstefnan harmar það sambandsleysi sem ríkir milli stjórna verkalyðsfélaganna og hins almenna félaga, sem birtist m.a. í því, að upplýsingum um samninga, lífeyrissjóði og fleira er ekki dreift meðal félagsmanna né þessir hlutir nægilega skýrðir. Víða vantar trúnaðarmenn á vinnustöðum og fyrir kemur, að launafólk er utan stéttarfélags.

Ráðstefnan bendir á þá leið til úrbóta, að halda fundi verkafólks á vinnustöðunum og koma á fót starfshópum innan félaganna. Sömuleiðis verði séð til þess, að það hafi aðgang að skrifstofu stéttarfélags síns utan vinnutíma.

4. Ráðstefnan telur sjálfsagt, að allar konur í atvinnulífinu fái briggja mánaða fæðingarorlof á launum, en mótmælir því harðlega, að sjóðum verkafólks svosem Atvinnuleysistryggingasjóði sé ætlað að standa undir slíkum greiðslum. Eðlilegt er, að greiðslur falli undir almannatryggingakerfi. Sjálfsagt er að fæðingarstyrkur gangi óskertur til kvenna.

5. Ráðstefnan bendir á það hróplega óréttlæti sem ríkir í lífeyris-sjóðsmálum landsmanna, þar sem allir lífeyrissjóðir eru óverðtryggðir nema lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna. Af þessum sökum gegna sjóðirnir ekki tilgangi sínum, en eru aðeins verðbólguvaldur í þjóðféluginu. Eignalusir sjóðfélagar njóta ekki einu sinni lána-starfsemi þeirra. Ráðstefnan telur lífeyrissjóðina í sinni nú-verandi mynd laun verkafólks, sem það eigi að ráða sjálft.

Eigi allir landsmenn að sitja við sama borð hvað eftirlaun snertir, jafnt verkamenn sem ráðherrar, er nauðsyn, að allir lífeyrissjóðir verði sameinaðir innan Tryggingastofnunar ríkisins. Forsenda þess er endurskipulagning Tryggingastofnunarinnar með virkri og ábyrgri aðild launþegasamtakanna.

Jafnframt verður að endurskoða byggingu Íbúðarhúsnæðis á félagslegum grundvelli, auka hana og endurskipuleggja.

6. Ráðstefnan telur eðlilegast, að hver launþegi borgi skatta af sínum tekjum sjálfur án tillits til hjúskaparstéttar og bendir á þá skerðingu á mannréttindum sem nú á sér stað í þessu sambandi við giftingu konu.

7. Ráðstefnan tekur undir hugmyndina um að konur leggi niður vinnu í einn dag á kvennaári til að benda á mikilvægi vinnuframlags þeirra.

8. Ráðstefnan skorar á allt verkafólk að gera 1. maí aftur að sönnum baráttudegi.

Álitsgerð að lokinni ráðstefnu um kjör kvenna til sjávar og sveita, haldin í Neskaupstað 26.apríl 1975.

Um uppeldis- og skólamál:

1. Ráðstefnan leggur áherslu á, að forskólafræðsla (dagheimili og leikskólar) tengist skyldunámsstiginu og harmar jafnframt þá þróun að fóstrustörf og kennslustörf á skyldunámsstigi séu að verulegu leyti í höndum kvenna. Æskilegast væri að karlar og konur sinntu þessum störfum jafnt. Þessa þróun má kenna lágum launum.
2. Ráðstefnan mótmælir harðlega þeirri mismunun sem nú viðgengst í skólum landsins og skorar á foreldra, kennara og aðra uppalendur að vera á verði gagnvart mismunun kynjanna í öllu uppeldis- og fræðslustarfi. Nauðsynlegt er að drengir og stúlkur hafi sömu skyldum að gegna á heimilum og í skólum. Útrýma þarf þeirri mismunun sem nú viðgengst í handavinnu og íþróttum og í námsefni annarra kennslugreina. Tíð kennaraskipti á landsbyggðinni hafa slæm áhrif á uppeldi og þróun skólamála.
3. Ráðstefnan bendir á að meistarakerfið ... útilokar ... marga frá iðnmámi, ekki síst konur. Flýtt verði niðurlagningu meistarakerfisins og jafnframt hræð skipulagningu og eflingu verknáms-skóla.
4. Ráðstefnan leggur áherslu á mikilvægi fullorðinsfræðslu, en bendir jafnframt á að hún nýtist tæpast þeim sem neyðast til að vinna meira en 8 stunda vinnudag.